

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi bókun:*

*Skaftárhreppur er gjöfult landbúnaðarsveitarfélag. Í Skaftárhreppi hefur landbúnaður byggst upp í góðri sátt við landgæði og fólk sem hefur skilað sér í því að sveitarfélagið er vel til fallið til matvælaframleiðslu af ýmsu tagi. Þéttbýli og dreifbýli reiðir sig á hvert annað, ungir bændur sáu sér hag í að setjast hér að, sem er ótvírætt gæðamerki á því landsvæði sem við búum á.*

*Miklar kostnaðarhækkanir og hátt vaxtastig undanfarin misseri hafa hins vegar haft veruleg áhrif á rekstrarumhverfi flestra búgreina og nú er svo komið að fjölmargir bændur ihuga að bregða búi vegna stöðunnar og endurnýjun engin. Ekki hvað síst kemur þetta ástand niður á bændum sem hafa nýlega hafið rekstur og eru þar með, eðli málsins samkvæmt, skuldsettari en aðrir.*

*Stjórnvöld hafa undanfarin misseri farið fögrum orðum um hina nýju matvæla-og landbúnaðarstefnu ásamt því að hugtakinu fæðuöryggi er flaggað á tyllidögum en fæðuöryggi þjóðarinnar fellur undir öryggismál landsins.*

*Nú verða orðum að fylgja efndir. Stefna í fæðu- og matvælaöryggisstefnum þarf að vera þannig útfærð að bændum sé raunverulega kleift að stunda matvælaframleiðslu á Íslandi.*

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps skorar hér með á stjórnvöld að fylgja eftir eigin landbúnaðarstefnu og sjá til þess að ungir bændur, sem og aðrir bændur, geti skamlaust lifað af sínum búskap eins og almennt er álitid sjálfsagt hjá nágrannaþjóðum okkar.*